

## SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

**Aðalfundur SÍP haldinn á Rannsóknarstofu Mannvits, Víkurhvarfi 8, 203 Kópavogi og í fjarfundarkerfi Microsoft Teams, þann 30. september 2020 kl 15:00.**

**Mættir:** Elísabet Jóna Sólbergisdóttir (EJS), Hallgrímur S. Hallgrímsson (HSH), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ), Guðgeir Svavarsson (GS) og Hrólfur Sigurðsson (HS)

Ritari: GEJ

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

### Fundur settur kl 15:03

1. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.
2. EJS lagði fram skýrslu stjórnar og las fyrir fundarmenn.
3. HSH lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir.
  - Bent var á að þar sem seinna námskeið í ÍST EN ISO/IEC 17025 hefði farið fram í janúar 2020 þá kæmi það ekki inn fyrr en á næsta ársreikningi.
4. Ákveðið að halda félagsgjöldum óbreyttum.
5. GS er kosinn nýr inn í stjórn í stað HSH.
6. EJS býður sig aftur fram sem formann og er kosin með öllum atkvæðum.
7. Jón Hreinsson (NMÍ) gefur ekki kost á sér sem skoðunarmaður reikninga á næsta ári. Stjórn mun velja nýjan skoðunarmann á næsta stjórnarfund.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Önnur mál
  - Það þarf að tilkynna skattinum um nýja eigendur þegar HSH hverfur úr stjórn og GS tekur við. EÁ tekur að sér að athuga hvernig ferlið er og hver viðbrögð stjórnar þurfa að vera.
  - GS býður sig fram sem gjaldkera og stefnt er að því að stjórnin samþykki það á næsta stjórnarfund. GS og HSH ætla að athuga með yfirtöku GS á bankaumboði HSH fyrir hönd félagsins.
  - Samþykkt var að setja kynningu EJS á SÍP sem haldin var á Steinsteypudeginum inn á heimasíðu félagsins.
  - Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði í hádeginu þann 21. október.

### Fundi slitið kl 15:36